

Reglugerð

nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, sbr. reglugerðir nr. 375/1993, 511/1993, 055/1996, 257/1996, 355/1996, 474/1997, 339/1998, 356/1999, 682/2000, 280/2017 og 255/2018 um breytingu á henni.

Almennt vörugjald af bensíni.

1. gr.

[Greiða skal 10,50 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 682/2000.

2. gr.

[Af vörugjaldi skv. 1. gr. skulu 36% greidd við tollafgreiðslu, 20% innan 60 daga og 44% innan 90 daga talið frá komudegi flutningsfars.]¹⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 375/1993.

Sérstakt vörugjald af bensíni.

3. gr.

Auk vörugjalds skv. 1. gr. skal greiða sérstakt vörugjald - bensíngjald - af bensíni. [Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 28,60 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 30,29 kr. af hverjum lítra.]¹⁾

[...]²⁾

1) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 356/1999, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 339/1998, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 474/1997, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1996, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 055/1996, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 511/1993.

2) Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 280/2017.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal heimilt að gera bensíngjald upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að það sé greitt áður en einn mánuður er liðinn frá lokum sölumánaðar.

[Ýmis ákvæði.

5. gr.

Að fenginni umsókn umráðamanns flugvélar skal endurgreiða honum bensíngjald (C1) og vörugjald af bensíni (LB) ef hann sýnir fram á að bensínið hafi verið nýtt sem eldsneyti á flugvél. Í umsókninni skal tilgreina:

- Nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda,
- tegund og einkennisstafi flugvélar,
- magn bensíns,
- meðalbensíneyðslu flugvélar á klukkustund samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda,
- samanlagðan flugtíma á því tímabili sem bensínið var nýtt.

Umsókninni skal beint til tollstjóra og henni skal fylgja:

- Frumrit reiknings vegna bensínkaupa,
- samantektarskjal, þar sem dagsetning, númer og fjárhæð hvers reiknings og fjöldi keypra lítra er tilgreindur ásamt samtölum allra reikninga, ef umsókn varðar fleiri en einn reikning,
- staðfesting á umráðum yfir flugvél, t.d. útrentun úr loftfaraskrá, leigusamningur eða stað-festing á aðild að félagi um rekstur flugvélar (flugklúbbi),
- afrit af loftferðadagbók á því tímabili sem bensínið var nýtt.

Sækja skal um endurgreiðslu innan þriggja mánaða frá því að eldsneytiskaup áttu sér stað. Umsókn skal afgreidd innan 30 daga frá því að hún berst.]¹⁾

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 255/2018.

[6]¹⁾ gr.

Að því leyti sem eigi er kveðið á um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, samræmingu gjalda, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, veð, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld skv. reglugerð þessari skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, og laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., eftir því sem við getur átt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 255/2018.

Gildistaka.

[7]¹⁾ gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., gildir frá 1. júlí 1993 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

1) Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 255/2018.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. júlí 1993, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni fyrir 10. júlí 1993. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

[hver sá sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. júlí 1994, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni fyrir 10. júlí 1994. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 1994.]¹⁾

1) Sbr. reglugerð nr. 511/1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

[Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 1. febrúar 1996, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 616/1994. Gjald þetta skal nema 0,66 krónum af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 0,70 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. febrúar 1996, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 10. febrúar 1996. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. febrúar 1996.]¹⁾

1) Sbr. reglugerð nr. 055/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

[Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 10. maí 1996, til lækkunar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 55/1996. Gjald þetta skal nema 0,66 krónum af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 0,70 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal koma til frádráttar við skil á bensíngjaldi skv. reglugerð nr. 254/1993.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 10. maí 1996, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 20. maí 1996. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 10. maí 1996.]¹⁾

1) Sbr. reglugerð nr. 257/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

[Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 1. júlí 1996, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 616/1994. Gjald þetta skal nema 0,66 krónum af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 0,70 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. júlí 1996, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 10. júlí 1996. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 1996.]¹⁾

- 1) Sbr. reglugerð nr. 355/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

[Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 1. ágúst 1997, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 355/1996. Gjald þetta skal nema 1,09 krónum af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 1,19 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. ágúst 1997, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 10. ágúst 1997. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. ágúst 1997.]¹⁾

- 1) Sbr. reglugerð nr. 474/1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

[Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 19. júní 1998, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 474/1997. Gjald þetta skal nema 0,93 krónum af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 0,99 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 19. júní 1998, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 30. júní 1998. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 19. júní 1998.]¹⁾

- 1) Sbr. reglugerð nr. 339/1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

[Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 1. júní 1999, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með síðari breytingum. Gjald þetta skal nema 1,07 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 1,14 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi skv. reglugerð nr. 255/1993, með síðari breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. júní 1999, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 15. júní 1999. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu skv. verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júní 1999.]¹⁾

- 1) Sbr. reglugerð nr. 356/1999.